



GJALDSKRÁ

Hitaveitu Fjarðabyggðar fyrir fjarvarmaveitur

Gildir frá 1.11.2024

1.gr

Hitaveita Fjarðabyggðar selur afnot af heitu vatni úr fjarvarmaveitukerfum sínum samkvæmt gjaldskrá þessari.

2.gr

Ekki er takmarkaður aðgangur húsveitu að heitu vatni umfram það sem heimæð og veitukerfi gera.

3.gr.

Sedilgjald kr. 261 - leggst á útsenda prentaða reikninga en hægt er að komast hjá gjaldinu með því að nýta greiðslukortþjónustu eða beingreiðslur í banka. Reikningar birtast í heimabönkum þeirra sem nýta sér slíka þjónustu.

4.gr.

Reikninga skal greiða á eindaga. Séu reikningar ekki greiddir á eindaga er send út tilkynning um vanskil.. Reikningar eru því næst sendir til innheimtuaðila. Vextir leggjast við skuldina sé ekki greitt á eindaga

5.gr.

Hitaveitugjöld eru krafín mánaðarlega.

6.gr.

Verð fyrir afnot af heitu vatni er eftirfarandi:

Samkvæmt mæli fyrir hverja kílóvattstund:

	Eining	Án vsk.	Með 2% jöfnunargjaldi	Með 11% vsk.
Orkugjald Norðfirði	kr/kWh	14,64	14,93	16,57
Orkugjald Reyðarfirði	kr/kWh	18,09	18,45	20,48

Fjarðabyggð 18. október 2024

staðgengill bæjarstjóra
Gunnar Jónsson
bæjarstjóri

Samþykkt í skipulags- og framkvæmdanefnd 8. október 2024

Samþykkt í bæjarráði 14. október 2024

Samþykkt í bæjarstjórn 17. október 2024